



## UMSÝSLUGJALD

### vegna hluta sem standa utan sérstakra geymslusvæða í Langanesbyggð sbr. 1. gr.

#### 1. gr.

Allir sem eru með gáma, báta, torgsöluhús, frístundahús í smíðum, sem ætlað er til flutnings, eða stór samkomutjöld skulu sækja sérstaklega um til skipulags- og umhverfisnefndar ef framangreindir lausafjármunir eiga að standa lengur en tvo mánuði utan þeirra svæða sem þeim er ætlað samkvæmt skipulagi, sbr. b. liður 2.6.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, sbr. 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Með skipulögð svæði er átt við ef svæðið hefur verið deiliskipulagt í þeim tilgangi að vera gámasvæði. Umsóknum skal skilað til skrifstofu á þar til gert eyðublað.

#### 2. gr.

Umsýslugjald, skv. 1. gr. skal vera kr. 38.900. Gjaldið er til eins árs í senn og gildir frá þeim degi að sótt er um og gjaldið greitt fyrirfram.

#### 3. gr.

Sé eiganda eða ábyrgðarmanni viðkomandi gáms eða annars lausafjármunar veitt leyfi eða viðkomandi hlutur staðsettur utan skipulags svæðis skal staðsetja hann þannig að almenningi stafi ekki hættu af, ekki sé hættu á að eldur geti borist frá þeim í aðliggjandi hús og gámar takmarki ekki fjölda bílastæða á lóðinni. Enn fremur skal þess gætt að aðgengi slökkviliðs að aðliggjandi húsum sé ekki torvelað sbr. 3. mgr. 2.6.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, sbr. 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

#### 4. gr.

Skipulags- og umhverfisnefnd er heimilt að láta fjarlægja þá lausafjármuni sem getið er í 1. gr. og eru án leyfis. Eiganda eða ábyrgðarmanni skal veittur eðlilegur frestur til að fjarlægja þá, þó aldrei lengri en einn mánuður, að öðrum kosti er það gert á kostnað eiganda eða ábyrgðarmanns. Sama á við að breyttu breytanda ef handhafi leyfis uppfyllir ekki kröfur umleyfi, sbr. 2.6.2. gr. reglugerðar nr. 112/2012, sbr. 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

#### 5. gr.

Fyrirtæki sem eru í gámaflutningum tilkynni skipulags- og umhverfisnefnd fjölda gáma sem ekki á að greiða fyrir vegna flutninga.

#### 6. gr.

Þegar sótt er um leyfi á fjöleignarhúsalóð, skal liggja fyrir samþykki meðeigenda fyrir fjölda og staðsetningu á gámum. Ekki er hægt að staðsetja gáma við lóðarmörk nema með samþykki aðliggjandi lóðarhafa.



7. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til byggingarreglugerðar nr. 112/2012, með síðari breytingum, og 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, með síðari breytingum.

*Samþykkt þessi tekur gildi frá og með 1. janúar 2024.*

*Samþykkt í sveitarstjórn 14. desember 2023.*

**Björn S. Lárusson, sveitarstjóri.**